



Reykjavík, 18. júní 2024
SFS24060085

MINNISBLAÐ


Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Fyrirkomulag á tölfraði- og gagnamiðlun skóla- og frístundasviðs

Undanfarin ár hefur skóla- og frístundasvið unnið náið með þjónustu- og nýsköpunarsviði í þeim tilgangi að bæta miðlun og undirstöður gagna sem varða þjónustu við íbúa. Borgin hefur þróað vefinn [Gagnahlaðborðið](#) sem miðlægan vef fyrir almenning að nálgast gögn og upplýsingar frá borginni á einfaldan og aðgengilegan máta.

Auðvelt er að nálgast gagnahlaðborðið af [vef Reykjavíkurborgar](#), með því að smella á valmynd efst í hægra horni og velja „Gagnahlaðborðið“ af lista.




Tilgangur gagnahlaðborðsins er að bæta aðgengi að gögnum t.d. fyrir almenning, starfsfólk og kjörna fulltrúa. Jafnframt að auka gagnsæi í rekstri borgarinnar og þjónustu hennar. Markmiðið er að hlaðborðið geti svarað flestum spurningum, hvort sem fólk er að leitast eftir stuttri samantekt á upplýsingum, ítarlegri greiningu eða hrágögnum. Með aukinni sjálfvirknivæðingu í birtingu gagna sparist einnig handtök starfsfólks.



Á gagnahlaðborðinu má annars vegar finna gagnasögur og hins vegar gagnagátt. Gagnasögurnar eru hver um sig stutt yfirlit yfir tölfræði viðkomandi málaflokks, til dæmis má sjá helstu tölur varðandi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili í gagnasögum. Í gagnagáttinni eru skrár með þeim gögnum sem eru aðgengileg í hverjum málaflokki. Unnið er að því að bæta við meiri gögnum um skóla- og frístundastarf í gagnagáttina.

Nemendafjöldi í grunnskólum í Reykjavík eftir árum

Dæmi um gröf sem hægt er að sjá á gagnahlaðborðinu er nemendafjöldi í grunnskólum í Reykjavík eftir árum. Á síðasta ári voru alls 15.654 nemendur í grunnskólum í Reykjavík, þar af 928 í sjálfstætt starfandi skólum og 163 í sérskólum borgarinnar.



2023

- **Almennir: 14.563**
- Sjálfstætt starfandi: 928
- Sérskólar: 163

Skóla- og frístundasvið hefur um árabil miðlað upplýsingum um starfsemina á síðunni Skóla- og frístundastarf í tölum (menntastefna.is/gaedastarf/tolfraedi/). Á þeirri síðu eru ítarlegri tölulegar upplýsingar, t.d. fjöldatölur niður á grunnskóla, frístundaheimili og leikskóla. Gögnin á þeirri síðu miða við 1. október það ár, nema annað sé tekið fram. Í framtíðinni verða þessar upplýsingar aðgengilegar á Gagnahlaðborðinu, en nánari tímasetning er háð þróun á þeim vef sem er í höndum gagnabjónustu þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs og gagnabjónusta þjónustu- og nýsköpunarsviðs vinna þétt saman við að bæta miðlun á gögnum og byggja upp gagnaundirstöður sviðsins, sem er forsenda þess að hægt sé að miðla og hagnýta gögnin frekar.